

# Sterkur Stöðvarfjörður

---

Ársskýrsla 2022

Valborg Ösp Árnadóttir Warén



BYGGÐASTOFNUN



FJARDABYGGÐ



## Efnisyfirlit

Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum.....	2
Inngangur .....	3
Verkefnisstjórn .....	4
Verkefnið .....	5
Meginmarkmið og starfsmarkmið Sterks Stöðvarfjarðar – Stöðumat .....	5
Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi.....	6
Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag.....	7
Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf.....	9
Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir .....	10
Styrkir 2022 .....	11
Hugleiðingar verkefnisstjóra .....	12



## Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum


Markmiðið með Brothættum byggðum er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra. Undirmerkmíð verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsöröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.



## Inngangur

Stöðvarfjörður hóf þátttöku sína í byggðarpróunarverkefninu Brothættar byggðir í mars 2022. Þá var haldið vel heppnað íbúaping í blíðskaparveðri og var þátttaka íbúa góð. Á íbúapinginu komu fram helstu málefni sem brunnu á íbúum, ásamt því að stefna verkefnisins var gróflega mótuð. Fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn voru kosnir og forgangsröðun verkefna var skilgreind eftir kosningu íbúa um þau málefni sem skiptu þau mestu máli.



Forgangsröðun íbúapings.

## Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum samstarfsaðila um verkefnið, það er Fjarðabyggð, Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), Austurbrú, íbúum og Byggðastofnun. Verkefnisstjóri er Valborg Ösp Árnadóttir Warén og tók formlega til starfa í júní 2022.

Í verkefnisstjórn Sterks Stöðvarfjarðar sitja eftirtaldir aðilar:

- **Alda Marín Kristinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú**
- **Bjarni Stefán Vilhjálmsson, fulltrúi íbúa**
- **Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa**
- **Helga Harðardóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun**
- **Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun**
- **Stefán Þór Eysteinnsson, fulltrúi Fjarðabyggðar**
- **Valgeir Ægir Ingólfsson, fulltrúi Fjarðabyggðar**

Eydís Ásbjörnsdóttir sat fyrst um sinn í verkefnisstjórn fyrir hönd Fjarðabyggðar en mannabreytingar urðu eftir sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru vorið 2022 og Stefán Þór kom þá inn í verkefnisstjórn.

Verkefnisstjórn fundaði nokkuð ört á árinu enda mikið sem þarf að undirbúa þegar byggðarfélög eru að hefja göngu sína í Brothættum byggðum.

Samtals fundaði verkefnisstjórn ellefu sinnum yfir árið á fjarfundarforritinu Teams. Fyrir íbúafundinn sem haldin var í september, hittist stjórn í raunheimum. Við vinnslu á styrkjum voru haldnir þrír fundir á Teams.

Fyrir utan íbúáþing sem haldið var í mars, var boðað til íbúafundar 15. september þar sem verkefnisáætlun var lögð fram til umræðu og samþykktar. Íbúar fengu tækifæri til þess að fara yfir hvert meginmarkmið og svo starfsmarkmið og koma með athugasemdir. Verkefnisáætlun var samþykkt á þeim fundi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem bárust og var það gert.

16. nóvember var haldinn annar íbúafundur vegna starfsmarkmiða 1.1, 2.10 og 2.11. Var góð mæting á þann fund og ýmsar áhugaverðar hugmyndir komu fram. Verkefnisstjóri ásamt fulltrúum íbúa í verkefnisstjórn tóku þær hugmyndir áfram og er vinna hafin við þau starfsmarkmið.

## Verkefnið

Sterkur Stöðvarfjörður byggir á verkefnislýsingu sem unnin hefur verið á vegum Bygðastofnunar fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Eins og áður hefur komið fram, þá er meginmarkmið verkefnisins að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stöðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri Brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnisáætlun og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Verkefni sem sett eru fram eru afrakstur íbúafþings, vinnu verkefnisstjórnar og niðurstaða íbúafundar. Meginmarkmið Sterks Stöðvarfjarðar eru fjögur ásamt starfsmarkmiðum sem eru vel skilgreind, með skýran tímaramma og ábyrgðaraðila.

## Meginmarkmið og starfsmarkmið Sterks Stöðvarfjarðar – Stöðumat

Markmið Sterks Stöðvarfjarðar eru sett fram í fjórum meginmarkmiðum ásamt framtíðarsýn til næstu þriggja ára, sem hljóðar svo:

*Stöðvarfjörður iðar af mannlífi og íbúar á öllum aldri eru virkir þátttakendur í samfélaginu. Atvinnulíf er öflugt og störfum hefur fjölgað, hvort sem það eru störf í bænum eða óstaðbundin störf. Íbúum hefur fjölgað og Stöðvarfjörður er þekktur sem fjölskylduvænt og gott samfélag sem tekur vel á móti nýbúum. Stöðvarfjörður hefur byggst upp sem eftirsóttur ferðamannastaður og menningar- og nýsköpunarbær og í þorpinu er næg gisting og þjónusta ásamt fjölbreyttum möguleikum til afþreyingar. Balinn er orðinn að skjólgóðu og notalegu útivistarsvæði fyrir fjölskyldur. Svæðið er gróið og fallegt og þar er nýr leikvöllur með leiktækjum og afþreyingu fyrir allan aldur. Miðbærinn hefur byggst upp og hefur fallega og snyrtilega ásýnd. Húsin í þorpinu eru falleg og þeim er vel við haldið. Það liggur góður og breiður vegur inn í fjörðinn og út í þorp.*

Verkefnisáætlun<sup>1</sup> er einnig tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og eru viðeigandi heimsmarkmið skilgreind við hvert meginmarkmið.

Meginmarkmiðin fjögur eru:

- Fyrirmyndar umhverfi
- Samheldið samfélag
- Öflugt atvinnulíf
- Sterkir innviðir

Starfsmarkmið þessara meginmarkmiða eru samtals 44 og eru fjölbreytt og ná til allra þátta samfélagsins.

Hér fyrir neðan eru starfsmarkmið hvers meginmarkmiðs og staða þeirra skilgreind. Sú skilgreining byggir á huglægu mati verkefnisstjóra.

---

<sup>1</sup> [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/Stodvarfjordur/sterkur-stodvarfjordur-markmid-og-framtidasyn.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Stodvarfjordur/sterkur-stodvarfjordur-markmid-og-framtidasyn.pdf)





Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi							
Starfsmarkmið	0 %	25%	50%	75%	100 %	Skýringar	Markmiði lokið
1.1 hugmyndavinna nýtingu á Balanum							Vor 2023
1.2 Uppbygging hafin á Balanum						Fyrsti áfangi uppbyggingar lokið 2023	Lok árs 2023
1.3 Átak í gerð göngu- og hjólastíga							Haust 2025
1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni							Lok árs 2023
1.5 Árlegir hreinsunardagar. Úrbóttaganga						Halda skal hreinsunardaga árlega	Vor 2023
1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um miðbæ							Vor 2023
1.7 Haldið áfram með verkefnið Skúlpúraslóð							Sumar 2023
1.8 Útilíkamsræktartæki							Vor 2024
1.9 Greining á hundasvæði							Lok árs 2023
1.10 Göngustígum viðhaldið							Lok árs 2024
1.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar							Lok árs 2024
1.12 Aðgerðir í orkusparnaði							Lok árs 2023

**1.1 Hugmyndavinna nýtingu á Balanum:** Íbúafundur var haldinn 16.nóvember 2022 þar sem íbúum var boðið að koma með hugmyndir og vangaveltur um Balann. Verkefnisstjóri tók þær hugmyndir og vann minnisblað sem sent var inn til Umhverfis- og Skipulagsnefndar Fjarðabyggðar. Skipulags- og umhverfisfulltrúi sveitarfélagsins kom á fund með verkefnisstjóra og fulltrúum íbúa þar sem hugmyndir voru ræddar, áherslur Fjarðabyggðar komu fram og sameiginlegt minnisblað var aftur sent inn í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Hefur Umhverfis- og Skipulagsnefndar Fjarðabyggðar samþykkt þær hugmyndir sem hafa komið fram varðandi breytingar á skipulagi Balans og mun sveitarfélagið láta teikna upp hugmyndir af betri nýtingu á Balanum.

**1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga:** Styrkur var veittur úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar til íbúasamtaka staðarins svo að hægt verði að leggja göngustíg meðfram sjávarsíðunni.

**1.10 Göngustígum viðhaldið:** Það hefur verið unnið að því að bæta göngustíga innanbæjar í grennd við grunnskóla Stöðvarfjarðar.



Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið
2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga							Lok árs 2022
2.2 Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun							Vor 2023
2.3 Húsnæði fyrir eldri borgara							Lok árs 2023
2.4 Fjárhagslegar aðgerðir sveitarfélags							Lok árs 2024
2.5 Tilraunaverkefni með opnunartíma sundlaugar							Sumar 2023
2.6 Lækkun orkukostnaðar							Lok árs 2023
2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaáætlunar (A9)							Haust 2022
2.8 Aðstaða við Ölduna verði bætt							Lok árs 2024
2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf						Boðið verður upp á árlega	Haust 2022
2.10 Efla íþróttastarf Súlunnar						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
2.11 Afþreying og félagsstarf íbúa						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022



**2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga:** Verkefnisstjóri stofnaði hóp á Facebook og hefur brottfluttum Stöðfirðingum og öðrum velunnurum staðarins verið boðið í þann hóp. Meðlimum hefur verið haldið upplýstum um gang mála og hvattir til að taka þátt í verkefnum eða koma með hugmyndir. Það er í skoðun hjá nokkrum meðlimum hópsins að stofna formlegt félag brottfluttra en engin ákvörðun hefur verið tekin þegar þessi skýrsla er skrifuð. Nokkrir aðilar sem hafa tengingu við Stöðvarfjörð hafa haft samband við verkefnisstjóra með ákveðnar hugmyndir að verkefnum og því er ljóst að áhugi er meðal brottfluttra sem og þeirra sem eiga rætur að rekja til staðarins.

**2.2 Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun:** Upplýsingaöflun er í vinnslu varðandi eigendur húsnæðis sem ekki er í heilsárs notkun. Þegar því er lokið mun verkefnisstjóri hafa samband við viðkomandi eigendur og kanna grundvöll fyrir þessu starfsmarkmiði.

**2.5 Tilraunaverkefni með opnunartíma sundlaugar:** Vinna er hafin innan stjórnarsýslunnar til að kanna hvaða möguleikar eru í boði svo að hægt sé að nýta sundlaugina betur.

**2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggingaáætlunar (A9):** Áhugasamir kaupendur sendu inn umsókn í A9 en fengu ekki styrk að þessu sinni. Einnig hefur sérfræðingur hjá Austurbrú aðstoðað við viðskiptaáætlun og komið með hugmyndir um möguleg lán. Ekki hefur þó verið gengið frá formlegum kaupum.

**2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf:** Verkefnisstjóri hefur talað við einstaklinga sem gætu haft áhuga á að fara í raunfærnimat. Einnig hefur þessi þjónusta verið auglýst á samfélagsmiðlum og í tölvupósti og einn einstaklingur sýndi áhuga og var komið í samband við fræðsluvið Austurbrúar.

**2.10 Efla íþróttastarf Súlunnar:** Stjórn Súlunnar ákvað haustið 2022 að ekki að rukka fyrir afnot fyrir líkamsræktarsal bæjarins út árið og hefur aðsókn aukist og almenn ánægja með þetta framtak. Íbúafundur var haldin í nóvember 2022 þar sem íbúar gátu komið með hugmyndir og athugasemdir varðandi íþróttastarf. Stjórn Súlunnar fékk fínar hugmyndir til að vinna með. Einnig fékk Ungmennafélagið styrk úr Frumkvæðissjóði til þess að bæta aðstöðu í líkamsræktarsalnum.

**2.11 Afþreying og félagsstarf íbúa:** Á sama íbúafundi var rætt um hvaða möguleikar eru til að auka afþreyingu og félagsstarf íbúa. Komu fram hugmyndir um að stofna gönguhóp, kaupa golfhermi og fleira var rætt um.



### Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið
3.1 Komið á opinberu starfi á Stöðvarfirði							Lok árs 2024
3.2 Komið upp aðstöðu fyrir störf án staðsetninga							Lok árs 2024
3.3 Stofna vottað framleiðslueldhús							Lok árs 2023
3.4 Miðstöð fornleifarannsóknna á Austurlandi							Lok árs 2024
3.5 Styrkja stöðu bæjarins sem safnabæjar							Lok árs 2024
3.6 Kanna grundvöll fyrir Fornleifasýningu							Lok árs 2025
3.7 Sameiginlegt skjaldamerki							Lok árs 2023
3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með samvinnu við íbúa							Lok árs 2023
3.9 Námskeiðahald á vegum íbúa							Lok árs 2023
3.10 nýsköpunar og/eða þróunarverkefni							Lok árs 2024
3.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar							Lok árs 2024
3.12 Sérþækt Aflamark							Lok árs 2024

**3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi fyrir smáframleiðendur:** Þrjú verkefni fengu styrk úr Frumkvæðissjóði sem tengdust þessu starfsmarkmiði. Sköpunarmiðstöðin fékk styrk til að byrja á hönnun á rými og áhugahópur smáframleiðanda fékk styrk til að gera viðskiptaáætlun um rekstur. Fyrirtækið Ástrós ehf fékk svo að endingu styrk til kaupa á tækjum til framleiðslu á fiskibollum. Þegar iðnaðareldhús er komið í gangið munu þau tæki fara þangað inn.

**3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknnum:** Á íbúafundinum sem haldinn var í nóvember komu hugmyndir um að hafa „opna“ daga fyrir íbúa og aðra áhugasama til að koma í Sköpunarmiðstöðina og skoða vinnu listafólks. Eigendur Sköpunarmiðstöðvarinnar munu einnig byrja með tónleikaröð vor 2023.



### Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið
4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku							Sumar 2023
4.2 Umbætur á Suðurfjarðavegi							Lok árs 2025
4.3 Greining á á núverandi kerfi almenningsamgangna						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
4.4 Lokið við lagningu ljósleiðara							Mitt ár 2024
4.5 Uppsetning á upplýsingaskiltum							Sumar 2023
4.6 Möguleikar á fjölnotahúsi							Lok árs 2023
4.7 Heilbrigðisþjónusta endurskoðuð							Lok árs 2023
4.8 Uppbygging á húsnæði, kortlagðir möguleikar							Lok árs 2023
4.9 Fimm nýjar íbúðir teknar í notkun							Lok árs 2025
4.10 Komið á fót lðngörðum/ skrifstofukjarna							Lok árs 2024

**4.3 Greining á á núverandi kerfi almenningsamgangna:** Bæði á íbúáþinginu sem haldið var í mars og einnig á íbúafundum sem fóru fram haustið 2022 komu íbúar með athugasemdir um almenningsamgöngur og hugmyndir um úrbætur sem myndu bæta þjónustu. Verkefnisstjóri tók saman minnisblað og sendi til stjórnarsýslu Fjarðabyggðar og munu þær upplýsingar nýtast við áframhaldandi greiningarvinnu innan viðeigandi nefndar og sviða innan sveitarfélagsins.

## Styrkir 2022

Eftir íbúafund sem haldinn var um miðjan september, var opnað fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar og var til úthlutunar 7.000.000 kr. Frestur til að skila inn umsókn var til 14. október 2022 og bárust alls 18 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna var 17.149.955 krónur en heildarkostnaður verkefna er 51.710.059 krónur.

Eftir vinnu undirbúningsnefndar og samþykki verkefnisstjórnar var ákveðið að veita styrki til 13 verkefna og var formleg úthlutunarathöfn 18. nóvember.

### Yfirlit styrkja:

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð
Kaffibrennslan Kvörn	Kaffibrennslan Kvörn	1.500.000
Sköpunarmiðstöðin	Hönnun á matvælaeiningu, Kaffibar	1.200.000
Guðmundur Arnþór Hreinsson	Heimasíðan stodvarfjordur.is	600.000
Atomic Analog production	Machines & tools for Atomic Analog production	550.000
Sköpunarmiðstöðin	Endurbætur á verkstæðum	550.000
Íbúasamtök Stöðvarfjarðar	Göngustígur með sjávarsíðunni	400.000
Þóra Björk Nikulásdóttir	Iðnaðareldhús (undirbúningur)	400.000
Ástrós ehf	Fiskibolluframleiðsla	350.000
Solveig Friðriksdóttir	Slökunarpúðinn Friður & ró	350.000
Ungmennafélagið Súlan	Gólfefni í líkamsræktarsal	350.000
Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Tónleikar	350.000
Solveig Friðriksdóttir	Viðskiptaáætlun v/heilsueflandi námskeiða	200.000
Landatangi ehf	Orkusparnaður	200.000

Þess má einnig geta að fyrirtæki og einstaklingar á Stöðvarfirði voru dugleg að sækja um í Uppbyggingarsjóð Austurlands og bárust fimm umsóknir þaðan sem er metfjöldi. Sköpunarmiðstöðin fékk hæsta styrkinn sem veittur var úr Uppbyggingarsjóðnum þetta árið, eða 2.500.000 kr.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir þá styrki sem aðilar á Stöðvarfirði fengu úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Austurlands árið 2022.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð
Sköpunarmiðstöðin	Sköpunarmiðstöðin	2.500.000
Kaffibrennslan Kvörn	Kaffibrennslan Kvörn	1.500.000
Studio Sílo	Vinyl record Cutting	1.500.000
Kimi Tayler	Jokes and gestures: Comedy for youth and social engagement	700.000
Atomic Analog production	Building of a website and web-content	500.000

Áhugasamir kaupendur að versluninni Brekku sóttu einnig um styrk í A9 Verslun í dreifbýli/ Stefnumótandi byggðaaætlun en hlutu ekki styrk að þessu sinni.

## Hugleiðingar verkefnisstjóra

Íbúafundi sem haldið var í mars gaf ákveðinn tón fyrir því hvernig fyrstu mánuðir verkefnisins Sterkur Stöðvarfjörður myndi vera. Íbúar voru áhugasamir, með margar góðar hugmyndir og viljugir til þess að taka þátt í þeim verkefnum sem sett voru fram.

Verkefnisstjóri nýtti sumarið til þess að kynna íbúum og bæjarandanum og var alls staðar vel tekið. Það er virkilega gott að finna velvildina hjá íbúum Stöðvarfjarðar og erum við fjölskyldan mjög þakklát fyrir það.

Íbúafundir hafa verið vel sóttir og þátttakendur áhugasamir og óhræddir við að koma með hugmyndir, athugasemdir og umræður hafa ávallt verið góðar og gagnlegar. Íbúar Stöðvarfjarðar hafa verið duglegir að koma niður á skrifstofu og ræða um verkefnið, gömlu tímana og framtíð staðarins. Allir eiga það sameiginlegt að vilja sjá Stöðvarfjörð blómstra og fólk bindur vonir við að þetta verkefni muni byggja þann grunn sem þarf til þess. Við erum öll sammála um að Stöðvarfjörður er leynd perla sem bíður þess að vera uppgötvuð.



Stöðvarfjörður í janúar 2023

Valborg Ósk A. Wærén

Myndir: Kristján P. Halldórsson,  
Sérfræðingur hjá Byggðastofnun.